

Nefndasvið Alþingis
Hildur Njarðvík, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 27. nóvember 2001.

Umsögn laganefndar LMFÍ um tillögu til þingsályktunar um um eftirlit Alþingis með fyrirmælum framkvæmdarvaldshafa 127. löggjafarþing 2000–2001. Þskj. 133 - 133. mál

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur fjallað um ofangreinda þingsályktunartilögu og lætur í té eftirfarandi umsögn:

Í tillögunni felst að Alþingi feli ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf sem feli það í sér að að reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem framkvæmdavaldið gefur út samkvæmt heimild í settum lögum taki ekki gildi fyrr en samþykki "viðkomandi þingnefndar" liggur fyrir.

Samkvæmt greinargerð með þessari tillögu telur flutningsmaður hennar nauðsynlegt að Alþingi hafi með þessum hætti eftirlit með því að efni reglna sem framkvæmdavaldshafar gefa út á grundvelli sérstakra lagaheimilda séu í samræmi við það sem gengið var út frá, þegar heimildin til reglugerðarsetningar var ákveðin.

Laganefnd LMFÍ telur löggjöf af þessu tagi vera með öllu óþarfa, enda er vandséð hvaða þýðingu skoðun þingmanna í tiltekinni nefnd Alþingis gæti haft ef gildi reglugerðar væri borin undir dómstóla. Nefndin telur vissulega þörf á því að þingmenn hugi að því í einstökum tilvikum, hvort heimildir til útfærslu löggjafar með setningu reglugerða geti haft í för með sér of mikið framsal löggjafarvalds í hendur framkvæmdavaldshöfum. Hins vegar telur nefndin ótækt að taka upp þau vinnubrögð að lögleiða fyrst reglugerðarheimildir og að síðan verði tekist á um efni reglugerða í þingnefndum!

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jakob R. Möller, hrl.
formaður